

Colas Ísland ehf.  
Gulhelli 1  
Hafnarfjörður 221  
Ísland

1. júlí 2026, Reykjavík  
UOS-3446

## Efni: Reglubundið eftirlit þann 9. júní 2026 hjá Colas Ísland ehf.

Þann 9. júní 2026 fór fram reglubundið eftirlit í Colas Ísland ehf., bikstöðin í Hafnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

### Fimm ný frávík komu fram er varða:

| Frávík frá   | Lýsing á frávíki  | Staða á frávíki |
|--|---|-----------------|
| gr. 3.8 í starfsleyfi  | Frávíkið var skráð: 9. júní 2026<br><br>Rekstraraðili skal sjá til þess að lyktarsterkt hráefni sé ekki geymt í stöðinni.<br><br><i>Lyktarmengun berst frá stöðinni.</i>  | <b>Opið</b>     |
| 4. mgr. 15. gr. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi | Frávíkið var skráð: 9. júní 2026<br><br>Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar,<br><br><i>Olíuskilja rekstraraðila er að nafnstærð 9,4 l/s. Samkvæmt utreikningi miðað við forsendur rekstraraðila ætti skiljan að lágmarki að vera að nafnstærð 18,2 l/s.</i> | <b>Opið</b>     |
| 2. mgr. 15. gr. reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi | Frávíkið var skráð: 9. júní 2026<br><br>Hönnun og notkun olíuskilju skal vera í samræmi við ÍST-EN 858 og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar,<br><br><i>Olíuskiljur eru ekki búnir viðvörunarbúnaði.</i>   | <b>Opið</b>     |

|  |  |             |
|--|--|-------------|
| gr. 4.2 í starfsleyfi  | Frávikið var skráð: 9. júní 2026<br><br>Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagirnir<br><br><i>Lengra en 5 ár eru frá síðustu þrýstiprófun á löndunarlögnm og niðurgröfnum lögnum í stöðinni.</i>  | <b>Opið</b> |
| 2. mgr. 43. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi | Frávikið var skráð: 9. júní 2026<br><br>Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er, þannig að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið.<br><br><i>Á svæðinu er umtalsvert magn af efnum geymdum í bömbum sem eru með ófullnægjandi árekstrarvarnir.</i> | <b>Opið</b> |

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 22. Júlí 2026.

Virðingarfyllst,

**Kristín Kröyer**

Sérfræðingur í teymi eftirlits

**Stella Hrönn Jóhannsdóttir**

Sérfræðingur í teymi eftirlits